

Sp. 67. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um birtingu skýrslu þinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þýða og prenta á íslensku skýrslu þinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið og selja hana síðan með sambærilegu verði við Alþingistíðindin.

Greinargerð.

Skýrsla þinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið er viðurkennd óyggjandi sönnunargagn um þá hörmulegu atburði, er hún fjallar um. En þeir eru þess eðlis, að öllum ber skylda til að kynna sér þá eftir föngum, bæði vegna þinnar hugprúðu ungersku þjóðar, sem þola varð ógnirnar, sem í skýrslunni segir frá, og lærdóma þeirra, sem af atburðum þessum verða dregnir og alla varða.

Í skýrslunni kemur t. d. glögglega fram, hvernig fer, þegar ríkisstjórnin reynir að dylja mikilsverðar staðreyndir og leggur lygafjötur á þjóðina, svo og þegar verkalýðsfélögunum er breytt úr því að vera tæki almennings til að fá betri lífskjör í handbendi ríkisstjórnarinnar til að eyða kröfum verkalýðsins og beita hann kúgun. Þá er þar og að finna dæmi þess, hvernig sumir valdhafar vilja láta umrita söguna sjálfum sér til hags, og þess uppáhaldsbragðs kommúnista og sumra samstarfsmanna þeirra að ásaka aðra einmitt um það, sem þeir sjálfir iðka.

Vonandi er meiri hluti alþingismanna sammála um, að Íslendingum sé hollt að kynnast þessari stórmerkilegu skýrslu, og samþykkir því þessa tillögu.